



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 02. maí 2017

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 (Þingskjal 533 — 402. mál.) Gerð er athugasemd við afar stuttan frest sem veittur var til að skila umsögn inn.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir boð um að senda inn umsögn við fjármálaáætlun ríkisins fyrir næstu ár en gera athugasemd við skamman tíma til vinnslu hennar. Svo virðist sem gleymst hafi að senda samtökunum málið til umsagnar af lestri annarra umsagna að dæma.

Í upphafi er minnt á 4. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þar sem kveðið er á um ábyrgð aðildarríkja á að tryggja öllum börnum þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um eftir því sem þau framast geta, án mismununar af nokkru tagi. Aðildarríki skulu eiga samvinnu um verkefni. Hluti skyldunnar er að tryggja stofnunum samfélagsins nægt fé svo þau megi uppfylla lagaskyldur sínar og tryggja að réttindi barna séu raungerð.

Í ljósi góðs efnahagsástands þjóðarinnar vegna ýmissa þátta telja Barnaheill – Save the Children á Íslandi að nýta skuli þær aðstæður til að fjárfesta í innviðum samfélagsins, mannauði, heilsu, velferð og menntun og ekki síst í málefnum barna. Það mun verða sparnaður til langs tíma. Fjárfesting í börnum frá unga aldri, að þau fái þann stuðning og hjálp sem þau þurfa til að þroskast og eiga líf sem þau telja gott er það mikilvægasta sem hvert samfélag getur unnið að. Niðurskurður á þjónustu til barna og ónóg þjónusta, eins og raunin hefur verið til margra ára á Íslandi birtist m.a í vaxandi geðheilbrigðisvanda. Bestu forvarnir felast í almennum stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra.

Það eru mörg metnaðarfull markmið í fjármálaáætlun þessari, sem sýna skilning á óviðunandi stöðu ýmissa hópa í samfélaginu, s.s barna sem þurfa margháttða þjónustu og stuðning og vilja til að sporna gegn órétti og fátækt. Til þess að tryggja þátttöku allra í samfélaginu og að þjónusta við börn, unglinga og fjölskyldur verði í samræmi við þarfir allra og öllum tryggð jöfn tækifæri, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt framtíðarsýn og meginmarkmiðum áætlunarinnar (bls 330), þarf að gera verulegt átak til að snúa við þeirri þróun sem nú er orðin og telja samtökin að núverandi fjármálaáætlun tryggi það ekki.

Samtökin telja það óásættanlegt að sú 1,8 ma kr. aukning til fjölskyldumála sem áætluð er skuli ekki að fullu koma til framkvæmda fyrr en árin 2022. Þó fagna samtökin því að hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi skuli hækka strax í byrjun árs 2018. Barnaheill vilja þó jafnframt leggja áherslu á mikilvægi þess að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og lýsa vonbrigðum sínum með að frumvörp undanfarinna ára og lög þar að lútandi hafi ekki komið til framkvæmda.

Húsnæðismál hafa brunnið á þjóðinni undanfarin ár og samkvæmt skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla býr hluti barna á Íslandi við ófullnægjandi og ótryggar húsnæðisaðstæður. Slíkt hefur veruleg áhrif á þroskaskilyrði barna og félagsleg tengsl. Aukin uppbygging á félagslegu leiguhúsnæði, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni verður vonandi skref í þá átt að tryggja öllum börnum örugga og heilsusamlega búsetu, eins og þau eiga rétt á samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Mikilvægt er að sporna gegn fátækt eins og gert er ráð fyrir í áætluninni. Auk þess sem mikilvægt er að allir hafi viðunandi framfærslu, er ein besta leið til að útrýma fátækt að tryggja öllum gjaldfrjálsa grunnþjónustu, s.s. menntun og heilbrigðisþjónustu. Það er langur vegur frá því að svo sé á Íslandi. Læknis- og lyfjakostnaður er þungur baggi á mörgum fjölskyldum. Enn greiða foreldrar grunnskólubarna hluta af námsgögnum barna sinna og hafa Barnaheill ítrekað skorað á stjórnvöld að breyta lögum svo það verði óheimilt. Framhaldsskólinn er ekki gjaldfrjáls og námsgögn eru alfarið á kostnað nemenda. Þetta stuðlar að ójöfnuði nemenda vegna efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Brottfall nemenda úr framhaldsskóla á Íslandi er 18% og langt umfram það sem er í nágrannalöndum okkar. Markmið Evrópa2020 er að brottfall sé komið niður fyrir 10% árið 2020 og lítið miðast í þá átt á Íslandi.

Samkvæmt fjármálaáætluninni og íþróttalögum er meginmarkmið íþróttá- og æskulýðsmála m.a. að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi og skapa sem bestar aðstæður fyrir börn og ungmenni til þátttöku í samfélaginu. Að mati Barnaheilla er þessi þátttaka ekki tryggð öllum börnum, ekki síst vegna mismunandi efnahagslegrar stöðu foreldra þeirra. Barnaheill telja brýnt að gerðar séu áætlanir þar sem öllum börnum er tryggður aðgangur að íþróttum og tómstundum. Að í þeim áætlunum sé gengið út frá því sem börnum er fyrir bestu með það að leiðarljósi að byggja upp sjálfmynd og sjálfstraust fremur en afrek.

Í fjármálaáætluninni er rætt um þörf á endurskoðun barnabótakerfisins til einföldunar og til að ná betur til fjölskyldna með lágar tekjur. Barnaheill vilja leggja til að við endurskoðun á kerfinu, verði fyrst og fremst horft á barnabætur sem rétt barns til framfærslu. Þess vegna vilja samtökin benda á mikilvægi þess að barnabætur renni til heimilis eða heimila barnsins, hvort sem barn býr á einu eða tveimur heimilum. Þegar barn býr til dæmis á tveimur heimilum, ýmist hjá lögheimilis- eða umgengnisforeldri, þá renni barnabætur á bæði heimili, í hlutfalli við veru barns á hvoru heimili skv. umgengnissamningi. Umgengisforeldrar eru hópur sem hefur ekki verið sinnt nægjanlega m.t.t. fjárhagslegrar stöðu, fjárhagsréttindi tengd barni renna nær alltaf til lögheimilisforeldris og getur það skapað órétt á milli heimila barnsins og mismunun. Samtökin telja óásættanlegt að börnum sé mismunað á grundvelli stöðu foreldra þeirra.

Barnaheill gera athugasemd við hve lág framlög áætlun eru til þróunarsamvinnu. Markmið Sameinuðu þjóðanna er að vestræn ríki reiði fram 0,7% af vergum þjóðartekjum á ári hverju til þróunarsamvinnu og hefur Ísland stutt það markmið, þó aldrei hafi ríkinu tekist að ná því. Barnaheill telja afar mikilvægt að Ísland taki virkan og fullan þátt í þróunarsamvinnu sem önnur ríki, svo vinna megi raunverulega að því að draga úr ójöfnuði meðal barna í heiminum öllum. Jafnframt gera samtökin athugasemd við að hluti þess framlags sem gert er ráð fyrir í þróunarsamvinnu sé nýtt til útgjalda sem varða útlendinga á Íslandi, umsækjendur um alþjóðlega vernd og umsýslu hvað þá varðar. Samtökin fá ekki séð að þau málefni heyri undir alþjóðlega þróunarsamvinnu, heldur hljóti þau að heyra undir innanríkismál.

Hvað varðar málefni flóttabarna þá vilja Barnaheill að gert sé ráð fyrir því í fjármálaáætlun að fleiri börn í fylgd með fjölskyldum sínum fái alþjóðlega vernd á Íslandi. Í hverju tilfelli þarf að meta með

hliðsjón af því sem barni er fyrir bestu hvort ákvörðun um að vísa því úr landi eigi rétt á sér. Að mati samtakanna eru of mörg tilfelli þar sem börnum er neitað um alþjóðlega vernd á þeim grundvelli að þau séu í fylgd með fullorðnum og eru þar með í raun svipt þeim réttindum sem þau eiga samkvæmt Barnasáttmálanum en samkvæmt honum og túlkun hans eru börn einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Börn eiga rétt á því að vera gert mögulegt að lifa við bestu mögulegu aðstæður og ber ríkjum að styðja foreldra til þess að svo megi verða. Ef foreldrar sækja um alþjóðlega vernd er það vegna þess að þau hafa ekki haft þann stuðning sem til þarf að búa barni þeirra öruggar og þroskavænlegar aðstæður. Það þarf að hafa það í huga þegar sótt er um vernd fyrir börn hér á landi. Hvert tilfelli þarf að meta sjálfstætt og ef vísa á barni úr landi þarf að vera ljóst að sú ákvörðun sé metin svo að ráðstöfunin sé barninu fyrir bestu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og hvetja Alþingi til að tryggja bestu mögulegu lífsskilyrðu allra barna á Íslandi án mismununar af nokkru tagi. Fjárfesting í málefnum barna og fjölskyldna þeirra er fjárfesting til framtíðar.